




Fornleifaskráning

vegna deiliskipulags í landi

Bitru í Flóahreppi



**Margrét Hrönn Hallmundsdóttir
og Rúna Þráinsdóttir**

Nóvember 2006

2006/5

Skannað eintak af upprunalegri skýrslu hefur verið ljóslesið og
aðlagð af Minjastofnun Íslands.

Blaðsíðutöl gætu hafa færst úr stað og uppsetning breyst á
smávægilegan máta miðað við upprunalega útgáfu.

Efnisyfirlit	
Inngangur	2
Tilgangur fornleifaskráningar	2
Fornleifaskráning og aðferðir	3
Aðferð við skráningu	4
Jarðanúmer	4
Tegund, hlutverk og heiti	4
Lega	5
Staðhættir og lýsing	5
Hættumat	5
Heimildir	5
Heimildamenn	6
Saga jarðarinnar	8
Náttúrufar og jarðabætur	9
Heimildaskrá	11
Fornleifaskrá	12
Niðurstöður-samantekt	13

Inngangur

Fornleifaskráning var unnin á 44 hektara spildu úr landi Bitru í Flóahreppi, áður Hraungerðishreppi, þann 3. nóvember 2006 að ósk Verkfræðistofu Suðurlands fyrir hönd landeiganda. Fyrirhugað er að á svæðinu rísi frístundabyggð.

Svæðið er norðan við Skeiðaveg og liggur að landi Hjálmholts. Svæðið er að mestu gróið hraun en á stórum hluta þess stendur hraunið uppúr landinu og þar er mikið af djúpum hraungjótum og holugryfjulækjum, einnig er mikið um jarðsig vegna jarðskjálfta á svæðinu. Í norðaustur horni svæðisins er mikið af pyttum sem fullir eru af vatni og nokkuð blautt svæði.

Skráninguna annaðist Margrét Hrönn Hallmundsdóttir fornleifafræðingur hjá Byggðasafni Árnesinga, auk Rúnu Þráinsdóttur fornleifafræðinema við Háskóla Íslands.

Tilgangur fornleifaskráninga

Í Þjóðminjalögum nr. 107/2001 er kveðið á um að stuðla beri að verndun menningarsögulegra minja í eigin umhverfi og tryggja að íslenskum menningararfi verði skilað óspilltum til komandi kynslóða, að auðvelda eigi aðgang að þeim, kynna þær þjóðinni og greiða fyrir rannsóknum. Í 9. grein laganna eru fornleifar skilgreindar sem:

„ ... hvers kyns leifar fornra mannvirkja og annarra staðbundinna minja sem menn hafa gert eða mannaverk eru á, svo sem:

- a. búsetulandslag, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi mannvirkjum og öskuhaugum, húsaleifar hvers kyns, svo sem kirkna, bænahúsa, klaustra og búða, leifar af verbúðum, naustum, verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum;
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri;
- c. gömul tún- og akurgerði, áveitumannvirki og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita;
- d. gamlir vegir, stíflur, brýr, vatnsvöð, varir, hafnir og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og vitar og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra;
- e. virki og skansar og önnur varnarmannvirki;
- f. gamlir þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð;
- g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum,

á klettum, klöppum eðajarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum;

h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið;

i. skipsflök eða hlutar úr þeim.

Minjar 100 ára og eldri teljast til fornleifa, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar, sbr. 11. gr."

Samkvæmt lögunum eru allar fornleifar friðhelgar og verndaðar gegn hvers kyns raski. Í 10. grein laganna segir að fornleifum megi enginn „spilla, granda né breyta, ekki heldur hylja þær, laga né aflaga né úr stað flytja nema leyfi Fornleifaverndar ríkisins komi til." Þetta á við um allar fornleifar, óháð sérstakri friðlýsingu. Friðhelgi fornleifa er ekki háð því að þær séu þekktar eða hafi verið skráðar. Ef áður óþekktar fornleifar finnast ber að tilkynna það Fornleifavernd ríkisins. Komi fornleifar í ljós við jarðrask skal fresta vinnu á staðnum uns ákvörðun Fornleifaverndar liggur fyrir um hvort og með hvaða skilyrðum framkvæmdir megi halda áfram (sjá 14. gr.).

Eitt af markmiðum fornleifaskráningar er að sporna við því að minjar verði fyrir skemmdum af gáleysi eða að nauðsynjalausum. Fornleifaskráning kemur að notum í minjavörslu þegar ákvarðanir eru teknar um aðgerðir til verndar einstökum minjastöðum eða minjasvæðum. Auk þess kemur hún að gagni í rannsóknum og kynningum.

En það er ekki síður hagur þeirra sem stýra hvers konar framkvæmdum að eiga aðgang að yfirliti um fornleifar á tilteknu svæði. Segja má að við það vinnist tvennt. Unnt verður að taka tillit til minjanna við skipulagsvinnu og nýta þær til að varðveita sögu staðarins í landslaginu. Einnig má minnka stórlega líkur á að framkvæmdaaðilar rekist í miðjum klíðum á fornleifar, sem þeir gerðu sér ekki grein fyrir að gætu verið fyrir hendi, en reynist svo nauðsynlegt að rannsaka með tilheyrandi kostnaði og töfum á framkvæmdum.

Björgunaruppgröftur, sem er unninn vegna framkvæmda og undir þrýstingi frá framkvæmdaaðilum, er heldur ekki æskilegur frá sjónarmiði fornleifafræðinnar. Fornleifaskráning sameinar þess vegna hagsmuni fræðigreinarinnar og þeirra sem standa að framkvæmdum.

Fornleifaskráning og aðferðir

Áður en vettvangskönnun fór fram voru helstu heimildir kannaðar svo sem jarðabækur, örnefnaskrá, túnakort og fornrit til að leita að vísbendingum um fornleifar á svæðinu. Þessar upplýsingar eru allar skráðar í upplýsingakerfið Sarp, sem er menningasögulegur gagnagrunnur.

Í fornleifaskrá Sarps eru fornleifarnar flokkaðar eftir jörðum og miðað bæði við opinbera fasteignaskrá og jarðaskiptingu eins og hún kemur fyrir í *Jarðatali á Íslandi* frá 1847.

Með jörðinni fylgir skrá með umfjöllun um hvern minjastað og ljósmyndir eða teikningar eftir því sem við á. Minjar eru færðar inn á skipulagsskort hjá Verkfræðistofu Suðurlands og eru kort birt hér með góðfúslegu leyfi þeirra.

Aðferð við skráningu

Í inngangi með skránum er sögulegt yfirlit þar sem gerð er grein fyrir takmörkum jarðarinnar, breytingum, atburðum og öðrum þáttum sem geta varpað ljósi á sögu byggðar og búskapar á staðnum.

Að öðru leyti er skráin byggð upp með þeim hætti sem að neðan greinir.

Jarðanúmer

Jarðirnar eru auðkenndar með heiti jarðarinnar og tveimur númerum; í fyrsta lagi landsnúmeri sem *Fasteignamat ríkisins* hefur úthlutað, t.d. Bitra- 166223, og í öðru lagi númeri jarðarinnar samkvæmt *Jarðatali á Íslandi*, 78 í nefndu tilviki. Þar að auki er fornleifunum gefið raðnúmer innan hvernar jarðar. Bæjarstæði Bitru væri nr. 1 og þar af leiðandi auðkennt með eftirfarandi hætti: Bitra 166223-78-1. Sé jörð með landsnúmer en ekki númer í *Jarðatali á Íslandi* flokkast allar fornleifar á jörðinni undir landsnúmer jarðarinnar og númer þeirrar jarðar er fornleifarnar tilheyrðu við ritun jarðatalsins.

Tegund, hlutverk og heiti

Í fáum orðum er tegund og hlutverki minja lýst, þ.e. hvort um sé að ræða tóftir bæja eða útihúsa, höfn, byrgi, túngarð og þar fram eftir götunum.

Stundum sér fornra minja ekki stað í landslaginu, þótt þeirra sé getið í heimildum, og kunna margar ástæður að vera fyrir því. Kemur þá fram í fornleifaskránni að „heimild“ sé til um t.a.m. útihús. Er leitast við að hafa fornleifaskrána eins nákvæma og kostur er, því að leifar fornminja kunna að leynast í jörðu þótt ekki sé unnt að sjá þær með berum augum á yfirborðinu.

Hafi fornminjarnar sérnafn, t.d. Gamlibrunnur, er það sérstaklega skráð, en þegar engu slíku er til að dreifa kemur fyrir að hlutverki þeirra sé lýst þar sem heitið stæði annars, t.d. fjós eða hlaða.

Lega

Nákvæm staðsetning er skráð. Tekin voru GPS-hnit á vettvangi og þau færð í skrána. Staðsetning minjanna er einnig færð inn á meðfylgjandi kort frá Verkfræðistofu Suðurlands. Hnitin sem gefin eru upp eru í landskerfinu ISN93.

Staðhættir og lýsing

Í kafla um staðhætti og lýsingu er greint frá afstöðu skráðra minja í landslaginu, þeim lýst, bæði formi, umfangi og ástandi, og aðrar athugasemdir gerðar þegar þörf krefur, t.d. vitnað í heimildir.

Hættumat

Leitast er við að leggja mat á þá hættu sem að fornleifunum kann að steðja, bæði af völdum náttúru og manna. Þetta er gert til þess að unnt sé að grípa til viðeigandi ráðstafana liggi minjar undir skemmdum eða geti orðið fyrir raski. Hætta vegna ábúðar þýðir að framkvæmdir eða álag kunni að raska fornminjum. Hætta vegna veðrunar þýðir að fornleifar séu smám saman að mást í burtu fyrir áhrif lofts eða vatns. Hætta vegna landbrots þýðir að fornleifar geti glatast af völdum vatns eða uppblásturs.

Ekki er lagt mat á hættuna þegar einungis er til heimild um fornleifar en þær ekki fundist við vettvangsskráninguna. Við skipulag framkvæmda er engu að síður nauðsynlegt að taka tillit til þessara heimilda, því að fornleifar geta, sem fyrr segir, leynst undir sverðinum.

Heimildir

Vísað er í helstu ritheimildir um sérhverja hinna skráðu fornleifa. Hér eru einnig skráðar þær heimildir sem stuðst er við í fyrri kafla um staðhætti og lýsingu, en ekki neðanmáls eins og þó er gert í öðrum texta þessarar skýrslu. Ræðst það af því að fornleifaskráningin á helst að geta staðið ein og óstudd af öðru efni skýrslunnar.

Heimildamenn

Heimildamaður við skráningu Bitru var Guðgeir Sumarliðason, fyrrverandi ábúandi jarðarinnar.

Saga jarðanna og fornleifar

Í kaflanum um sögu jarðanna og fornleifar er stiklað á stóru um sögu hvernar jarðar. Þar er auk þess að finna hina eiginlegu fornleifaskrá.

Saga jarðarinnar og fornleifar

Bitra er austasta jörð í Hraungerðishreppi, sem nú telst hluti af Flóahreppi. Liggur Bitra að jörðinni Hjálmholti.

Í *Sunnlenskum Byggðum* er jörðinni lýst sem meðalstórri jörð og allt land afgirt. Talsvert af landinu er vel gróið hraun sem allvíða stendur uppúr jarðvegi og er því örðugt til ræktunar. Engjar voru fremur litlar og ekki mjög grasgefnar. Landið er að mestu þurrt og skjólgott fyrir skepnur. (*Sunnlenskar byggðir II Flóinn*. 1981:484)

Fyrstu heimildir um jörðina er að finna í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín*, en þeir Árni og Páll voru í Hraungerðishreppi árið 1709. Þar segir að jörðin sé í eigu biskupsstólsins í Skálholti. (Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1913- 1917:146)

Þá bjuggu hjón á Bitru ásamt tveimur uppkomnum börnum, fjórtán ára vinnumanni og öldruðum ómaga. (Manntal 1703. 1924-1947:604) Ekki er getið um stærð jarðarinnar í *Jarðabókinni*, en þar sem jörðin var í eigu Skálholts var ekki borguð af henni tíund. Miðað við gripa eign jarðarinnar virðist um miðlungsjörð að ræða. (Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1913-1917: 147) Um skuldir, kvaðir og stærð jarðarinnar segir í *Jarðabókinni*: „Landskuld lx álnir í landaurum heima ájörðinni. Leigukúgildi iiii. Leigur í smjöri heim til stólsins eður á Eyrarbakka. Kvaðir mannslán, hestlán og dagsláttur ut supra, leisist alt með xxxv álnum. Kvíkfe iiii kýr, ii kvígur að fyrsta kálfi, i veturgömul, i kálfur, xii ær, i sauður þrevetur, vi veturgamlir, xv lömb, i hestur, i hross með fylfi, i foli veturgamall. Fóðrast kann iiii kýr, ii úngneyti, xii ær, x lömb, iiii hestar.” (Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1913-1917:10)

Ekki er getið um jörðina í *Manntali 1801*, en í óútgefnu Ábúendatali Árnessýslu sem Páll Lýðsson og Halldór Gestsson hafa unnið er greint frá að á Bitru hafi búið Björg Ófeigsdóttir ásamt síðari eiginmanni sínum Sæmundi Jakobssyni. Búseta þeirra í Bitru er sögð vera frá 1796-1834 (Páll Lýðsson og Halldór Gestsson), svo að líklegt er, þrátt fyrir heimildarleysi í manntali 1801, að stöðug búseta hafi verið á Bitru. Þessi sömu hjón eru skráð búendur í Bitru í *Manntali 1816* ásamt þremur börnum sínum, vinnufólki og tveimur niðursetningum. (*Manntal á Íslandi 1816*. 1947-1974:310) Árið 1845 hefur dóttir Sæmundar og Bjargar, Guðrún Sæmundsdóttir, tekið við Bitru ásamt eiginmanni sínum, Eyjólf Magnússyni, og býr þar ásamt fimm börnum þeirra. Einnig býr ennþá í Bitru í hárri elli móðir hennar Björg Ófeigsdóttir og systir húsfreyju, Gunnhildur, sem starfar sem

vinnukona. (*Manntal á Íslandi 1845. Suðuramt.* 1982:253) Árið 1910 búa á Bitru hjón ásamt fimm börnum og öldruðum foreldrum húsmóður, en þá er greint frá því að á Bitru sé timburhús og stofa með torfpaki. (*Manntal á Íslandi 1910. III Suðurland.* 1995:244-245).

Bitra er í Hraungerðiskirkjusókn (Árnessýsla. Sýslu- og sóknalýsingar hins íslenska bókmenntafélags 1839-1843. 1979:72)

Náttúrufar og Jarðarbætur.

Samkvæmt *Sunnlenskum Byggðum* er Bitra meðalstór jörð. Talsvert af landinu er gróið hraun sem allvíða stendur upp úr jarðvegi og því erfitt til ræktunar. Engjar voru fremur litlar og ekki mjög grasgefnar. Landið er skjólgott fyrir skepnur (*Sunnlenskar byggðir II Flóinn.* 1981:484)

Samkvæmt Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín er margt bölið sem hrjáir jörðina Bitru, eins og flestar jarðir á landinu, en þar má helst telja að engjum grandar vatn til svo mikils skaða að mikill hluti þess er graslaus og kominn í flag, einnig er kvikfé hætt hraungjám, holugryfjulækjum og torfgröfum gömlum til stórmeins, að sama skapi er torfskurður og stúnga lítt nýtandi og mósukurður til eldiviðar. (Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1913-1917:146)

Árið 1847 þegar *Jarðatal Johnsen* var gert er jörðin Bitra 17 hundraða jörð og telst því til meðaljarða. Jörðin er þá enn kirkjujörð. (Johnsen, J. 1847:57) Eftir Suðurlandsskjálftana sem urðu árið 1896 var gerð úttekt á öllum húsum í sýslum á Suðurlandi og kemur fram að á Bitru voru 9 bæjarhús og 12 útihús, en eftir skjálftana voru 4 hús gjörfallin, 3 mikið skemmd og 6 lítið skemmd.

Jarðarmat Bitru er kominn í 16 hundruð um 1860. (Jarðabók fyrir Ísland.[útgáfuár vantar]: 28)

Þegar túnakort er gert að Bitru þann 15. maí 1918 eru tún um 4,3 hektarar og nátthagar um 0,26 hektarar og matjurtagarðar 9,2 fermetrar. (Túnakort Bitru 1918)

Árið 1932 hefur túnið stækkað svolítið og er orðið 5,2 hektari.

(Fasteignabók 1932: 13)

Í fasteignamati frá árið 1977 eru tún á Bitru orðinn 30,3 hektarar. (*Sunnlenskar byggðir II Flóinn*. 1981:484)

Bitra virðist allt frá fyrstu heimildum, sem geta um jörðina um 1700, hafa verið meðaljörð.

Heimildaskrá

Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1921. *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. II. bindi*. Hið íslenska fræðafjelag, Kaupmannahöfn. Sögufélagið, Reykjavík: Ljósprentuð útgáfa 1981.

Fasteignabók. 1932. Fjármálaráðuneytið, Reykjavík.

Johnsen, J. 1847. *Jarðatal á Íslandi*. J. Johnsen, Kaupmannahöfn.

Manntal á Íslandi árið 1703. 1924-1947. Tekið að tilhlutan Árna Magnússonar og Páls Vídalín. Hagstofa Íslands, Reykjavík.

Manntal á Íslandi 1801. Suðuramt. 1978. Ættfræðifélagið, Reykjavík.

Manntal á Íslandi 1816. 1947-1974. Ættfræðifélagið, Akureyri og Reykjavík.

Manntal á Íslandi 1845. Suðuramt. 1982. Bjarni Vilhjálmsson sá um útgáfuna. Ættfræðifélagið, Reykjavík.

Manntal á Íslandi 1910. 111 Árnessýsla. 1997. Hólmfríður Gísladóttir og Eggert Th. Kjartansson sáu um útgáfuna. Ættfræðifélagið, Reykjavík.

Sunnlenskar byggðir II. Flóinn. 1981. Ritnefnd: Oddgeir Guðjónsson, Jón Guðmundsson og Júlíus Jónsson. Páll Lýðsson bjó til prentunar. Búnaðarsamband Suðurlands, (án útgáfust.).

Túnakort [1918]. *Bitra. Hraungerðishreppur, Árnessýsla*. Þjóðskjalasafn Íslands.

Þorvaldur Thoroddsen. 1899 og 1905. *Landskjálftar á Íslandi*. Hið íslenska bókmentafélag, Kaupmannahöfn.

Fornleifaskráning Bitru

166223-78-2

Hlutverk: Garður

Tegund: Garðlag

Staðsetning E 417155 N 384778

Staðhættir: Um 130 m norður af Skeiðarvegi, við vestari útmörk



Garðurinn þar sem hann liggur í vestur

deiliskipulagssvæðisins, sést garðlag

sem liggur frá vestri til austurs. Garðurinn er ekki langt frá vegi (troðningi) sem liggur inn á reitinn úr vestri og fer yfir garðinn á einum stað fyrir utan deiliskipulagssvæðið.

Lýsing

Garðurinn er frekar óljós í umhverfinu, enda mikið sokkinn, og lítur út fyrir að vera nokkuð gamall. Garðurinn er hlaðinn úr torfi sem er mjög athyglisvert þar sem mikið af hrauni er í nágrenni hans. Garðurinn er um 100 m að lengd þar sem hann liggur inn á deiliskipulagssvæðið, en hann liggur í vestur og út úr svæðinu og er í heild um 200 m langur. Garðurinn er breiðastur 3 m og um 1/2 má hæð þar sem hann er hæstur. Garðurinn er mjög gróinn og er sami gróður á honum og umhverfinu í kring.

Niðurlag.

Við vettvangsrannsókn var svæðið gengið með mjög skipulegum hætti af tveimur skráningarmönnum. Einu minjarnar sem fundust á svæðinu var garðlag sem liggur um 100 m inná svæðið en virðist þá hverfa. Garðurinn liggur yfir tvær áætlaðar lóðir. Töluvert langt er að bæjarhól Bitru og fyrrum ábúandi vissi ekki um neinar fornleifar á svæðinu.



Frítundabyggð í landi Bitru

LYSING HEILISKULAGS OG BYGGINGARKJÁLJAR

- 1. Innangangur**
Tilgangur að hafa upp tilgangsbreytingu á 44 ha hluta af 170 ha hluta af landi Bitru í Frítundabyggð. Tilgangurinn er að byggja upp 100 hús og 100 garðir. Tilgangurinn er að byggja upp 100 hús og 100 garðir.
- 2. Frítundabyggð**
Frítundabyggð er byggð á 170 ha hluta af landi Bitru. Frítundabyggð er byggð á 170 ha hluta af landi Bitru.
- 3. Stærðir og fjöldi**
Stærðir og fjöldi hús og garða. Stærðir og fjöldi hús og garða.
- 4. Húsnæðing og húsnæðing**
Húsnæðing og húsnæðing. Húsnæðing og húsnæðing.
- 5. Veggir og aðlögun**
Veggir og aðlögun. Veggir og aðlögun.
- 6. Þröskullar**
Þröskullar. Þröskullar.
- 7. Málavirði**
Málavirði. Málavirði.
- 8. Frítundabyggð**
Frítundabyggð. Frítundabyggð.
- 9. Stærðir og fjöldi**
Stærðir og fjöldi hús og garða. Stærðir og fjöldi hús og garða.
- 10. Húsnæðing og húsnæðing**
Húsnæðing og húsnæðing. Húsnæðing og húsnæðing.
- 11. Veggir og aðlögun**
Veggir og aðlögun. Veggir og aðlögun.
- 12. Þröskullar**
Þröskullar. Þröskullar.
- 13. Málavirði**
Málavirði. Málavirði.
- 14. Frítundabyggð**
Frítundabyggð. Frítundabyggð.
- 15. Stærðir og fjöldi**
Stærðir og fjöldi hús og garða. Stærðir og fjöldi hús og garða.
- 16. Húsnæðing og húsnæðing**
Húsnæðing og húsnæðing. Húsnæðing og húsnæðing.
- 17. Veggir og aðlögun**
Veggir og aðlögun. Veggir og aðlögun.
- 18. Þröskullar**
Þröskullar. Þröskullar.
- 19. Málavirði**
Málavirði. Málavirði.
- 20. Frítundabyggð**
Frítundabyggð. Frítundabyggð.
- 21. Stærðir og fjöldi**
Stærðir og fjöldi hús og garða. Stærðir og fjöldi hús og garða.
- 22. Húsnæðing og húsnæðing**
Húsnæðing og húsnæðing. Húsnæðing og húsnæðing.
- 23. Veggir og aðlögun**
Veggir og aðlögun. Veggir og aðlögun.
- 24. Þröskullar**
Þröskullar. Þröskullar.
- 25. Málavirði**
Málavirði. Málavirði.
- 26. Frítundabyggð**
Frítundabyggð. Frítundabyggð.
- 27. Stærðir og fjöldi**
Stærðir og fjöldi hús og garða. Stærðir og fjöldi hús og garða.
- 28. Húsnæðing og húsnæðing**
Húsnæðing og húsnæðing. Húsnæðing og húsnæðing.
- 29. Veggir og aðlögun**
Veggir og aðlögun. Veggir og aðlögun.
- 30. Þröskullar**
Þröskullar. Þröskullar.

HEILISKULAG

Heiliskulag	Stærð	Fjöldi	Stærð	Fjöldi
1	100 m	100	100 m	100
2	100 m	100	100 m	100
3	100 m	100	100 m	100
4	100 m	100	100 m	100
5	100 m	100	100 m	100
6	100 m	100	100 m	100
7	100 m	100	100 m	100
8	100 m	100	100 m	100
9	100 m	100	100 m	100
10	100 m	100	100 m	100
11	100 m	100	100 m	100
12	100 m	100	100 m	100
13	100 m	100	100 m	100
14	100 m	100	100 m	100
15	100 m	100	100 m	100
16	100 m	100	100 m	100
17	100 m	100	100 m	100
18	100 m	100	100 m	100
19	100 m	100	100 m	100
20	100 m	100	100 m	100
21	100 m	100	100 m	100
22	100 m	100	100 m	100
23	100 m	100	100 m	100
24	100 m	100	100 m	100
25	100 m	100	100 m	100
26	100 m	100	100 m	100
27	100 m	100	100 m	100
28	100 m	100	100 m	100
29	100 m	100	100 m	100
30	100 m	100	100 m	100

BITRU-FRÍTUNDABYGGÐ

STJÓRNUN

TEL. 40 000 000

1 000 000

100 m

01

VERKFRÆÐISTOFA

VERKFRÆÐISTOFA

VERKFRÆÐISTOFA